



# LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/2345*  
*komudagur 10.5.2012*

Reykjavík, 10. maí 2012  
Tilvísun: 201205-0560

## **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi, 717. mál.**

Með tölvupósti dags. 9. maí 2012 var lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu send til umsagnar tillaga að þingsályktun um aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi, 717. mál.

Samkvæmt tillögunni er innanríkisráðherra falið að undirbúa heildstæða aðgerðaráætlun gegn skipulagðri glæpastarfsemi hér á landi í samvinnu við hlutaðeigandi ráðuneyti og stofnanir, auk allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis. Gert er ráð fyrir að áætlunin liggi fyrir svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 1. október nk. Jafnframt er í tillögunni fjallað um viðbótarfjárveitingu til þess að standa undir kostnaði á þessu ári vegna sérstaks rannsóknar- og aðgerðarteymis lögreglu gegn skipulagðri glæpastarfsemi sem starfað hefur undanfarin misseri með góðum árangri.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu er eindregið fylgjandi framangreindri tillögu til þingsályktunar og telur brýnt að orðum og yfirlýsingum sem fram hafa verið settar að undanfögnu fylgi aðgerðir í formi áætlunar og fjárveitinga til að standa undir aukinni löggæslu og öðrum aðgerðum sem nauðsynlegar eru á þessu sviði. Skipulögð brotastarfsemi teygir anga sína víða og hefur ýmsar birtingarmyndir um allan heim. Margar af þeim birtingarmyndum eru sýnilegar hér á landi, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Aðgerðir lögreglu á undanfönum misserum gegn starfsemi skipulagðra brotastarfsemi hafa skilað árangri og mikilvægt er að fylgja þeim eftir með frekari aðgerðum í því skyni að hefta og stöðva uppgang alþjóðlegra glæpasamtaka hér á landi. Slíkt er raunhæft markmið en til þess að það gangi eftir er þörf á að efla löggæsluna varanlega en ekki einungis í formi afmarkaðra átaksverkefna.

Því er mikilvægt, samhliða því að tryggja fjárveitingu fyrir þeirri starfsemi lögreglu sem nú er í gangi gegn skipulagðri glæpastarfsemi eins og gert er ráð fyrir í tillögunni, að marka stefnu á Alþingi um varanlega hækkun fjárveitinga til löggæslu þannig að lögreglan hafi nauðsynlega burði til þess að sinna hlutverki sínu, ekki síst á sviði eftirlits og aðgerða gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Af umræðum á Alþingi um löggæslumál að undanfögnu má ráða að breið samstaða sé um að efla og styrkja starfsemi lögreglunnar enda þörfin bæði brýn og sýnileg.

Virðingarfyllt,

  
Stefán Eiríksson, lögreglustjóri

